

Frumvarp til laga

um tónlistarsjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Hlutverk tónlistarsjóðs er að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra.

Alþingi veitir árlega fé í fjárlögum í tónlistarsjóð. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, tónlistardeild og markaðs- og kynningardeild. Tónlistardeild veitir styrki til almennrar tónlistarstarfsemi, en markaðs- og kynningardeild veitir styrki til kynningar og markaðssetningar á tónlist og tónlistarmönnum hér á landi og erlendis.

Menntamálaráðherra úthlutar úr tónlistarsjóði að fengnum tillögum tónlistarráðs, sbr. 3. gr.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um úthlutun styrkveitinga úr tónlistarsjóði.

2. gr.

Menntamálaráðherra skipar tónlistarráð til þriggja ára í senn. Í ráðinu skulu eiga sæti þrjú fulltrúar. Samtónn tilnefni einn, en tveir eru skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður ráðsins. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalfulltrúa í tónlistarráð meira en tvö starfstímabil í röð.

3. gr.

Tónlistarráð gerir tillögu til menntamálaráðherra um úthlutun fjár úr tónlistarsjóði. Við mat á umsóknum er tónlistarráði heimilt að leita umsagnar fagaðila.

Ráðið veitir umsögn um erindi sem menntamálaráðuneytið vísar til þess og getur einnig að eigin frumkvæði beint ábendingum og tillögum til ráðuneytisins um tónlistarmálefni.

Þóknun fulltrúa í tónlistarráði og annar kostnaður við störf ráðsins greiðist úr tónlistarsjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að stofnaður verði tónlistarsjóður sem hafi það hlutverk að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra.

Menntamálaráðuneytið hefur um langt árabíl veitt margvíslega styrki á sviði tónlistar af safnliðum í fjárlögum. Er þar um að ræða ferðastyrki til einstaklinga og hópa, styrki vegna

einstakra verkefna innan lands og erlendis sem og tónlistarhátíða innan lands. Þá hefur ráðuneytið veitt starfsstyrki til hljómsveita af sérstökum fjárlagalið. Ráðuneytið hefur haft sér til ráðgjafar tónlistarnefnd sem skipuð hefur verið fulltrúum Félags íslenskra tónlistarmanna, Félags íslenskra hljómlistarmanna og ráðuneytisins.

Við gerð þessa frumvarps hefur menntamálaráðuneytið hafði víðtækt samráð við fulltrúa úr íslensku tónlistarlífi. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir því að það fé sem menntamálaráðuneytið hefur haft til ráðstöfunar til þessara mála renni í tónlistarsjóð og menntamálaráðherra úthluti úr sjóðnum að fengnum tillögum tónlistarráðs. Frumvarpið kveður á um að tónlistarsjóði verði skipt í tvær deildir, tónlistardeild og markaðs- og kynningardeild. Tónlistardeild veiti styrki til almennrar tónlistarstarfsemi, svo sem til einstakra tónlistarmanna, hljómsveita, kóra og tónlistarhátíða. Markaðs- og kynningardeild sjóðsins veiti styrki til kynningar og markaðssetningar á tónlist hér á landi og erlendis.

Eins og áður segir er lagt til í frumvarpinu að sérstakt tónlistarráð geri tillögu til menntamálaráðherra um styrkveitingar úr tónlistarsjóði. Auk þess er gert ráð fyrir að tónlistarráð veiti umsögn um erindi sem menntamálaráðuneytið vísar til þess og getur einnig að eigin frumkvæði beint ábendingum og tillögum til ráðuneytisins um tónlistarmálefni. Tónlistarráð mun þannig veita ráðuneytinu faglega aðstoð og stuðning, auk þess sem með tilkomu sjóðsins og ráðsins er kominn rammi um styrkveitingar ríkisins til þessa málaflokks.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með íslenskri tónlist er átt við tónlist sem samin er af íslenskum höfundum og tónlist sem flutt er af íslenskum flytjendum, jafnt atvinnu- sem áhugamönnum. Um hlutverk tónlistarsjóðs vísast að öðru leyti til almennra athugasemda. Eftir sem áður fer um veitingu starfslauna til tónlistarfólks samkvæmt ákvæðum laga um listamannalaun, nr. 35/1991, með síðari breytingum.

Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um tónlistarráð, bæði skipun þess og hlutverk. Menntamálaráðherra skipar ráðið til þriggja ára í senn og í því eiga sæti þrír fulltrúar. Samtönn, sem eru samtök allra rétthafa tónlistar í landinu, tilnefna einn, en tveir verði skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður ráðsins. Varamenn verða skipaðir með sama hætti. Þá þykir rétt að kveða á um að ekki verði heimilt að skipa sama mann aðalfulltrúa í tónlistarráð meira en tvö starfstímabil í röð, nánar tiltekið í sex ár. Með því verði tryggð eðlileg endurnýjun í ráðinu.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um það hlutverk tónlistarráðs að það geri tillögu til menntamálaráðherra um úthlutun fjár úr tónlistarsjóði. Við það mat þykir rétt að ráðið hafi heimild til að leita umsagnar fagaðila eftir því sem þörf þykir á. Þá gerir greinin ráð fyrir því að ráðið veiti umsögn um erindi um tónlist sem menntamálaráðuneytið vísar til þess og getur einnig að eigin frumkvæði beint ábendingum og tillögum til ráðuneytisins um tónlistarmálefni.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til laga um tónlistarsjóð.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnaður verði tónlistarsjóður og tónlistarráð sem hafi umsjón með stuðningi ríkisins við innlent tónlistarstarf, annað en það sem fer fram á vegum skóla og opinberra stofnana. Markmiðið er að styðja tónlistarsköpun og stuðla að kynningu og markaðssetningu íslenskrar tónlistar. Gert er ráð fyrir að útgjöld tónlistarsjóðs ráðist af framlögum í fjárlögum hverju sinni og kostnaður við tónlistarráð verði greiddur af fjárveitingu sjóðsins. Menntamálaráðuneytið hefur um árabíl veitt styrki til tónlistarstarfsemi af ýmsum safnliðum sem undir ráðuneytið heyra. Samtals eru um 20–30 m.kr. til ráðstöfunar til slíkra verkefna í fjárlögum fyrir árið 2004. Gert er ráð fyrir að það fé renni til hins nýja sjóðs og menntamálaráðherra veiti framvegis úr sjóðnum að fengnum tillögum tónlistarráðs. Þar sem framlög til tónlistarsjóðs ráðast af framlögum í fjárlögum hverju sinni verður ekki séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs nema Alþingi ákveði annað.